

Reykjavík, apríl 2014

MEXT - Styrkur til náms í Japan 2015 (grunnám á háskólastigi)

Ríkisstjórn og menntamálaráðuneyti Japans (MEXT) bjóða fram styrk handa íslenskum ríkisborgurum til grunnnáms á háskólastigi.

Áhugasamir sem fæddir eru frá 2. apríl 1993 til 1. apríl 1998 og hafa útskrifast úr framhaldsskóla fyrir mars 2015 teljast hæfir til að sækja um.

Styrkurinn felur í sér flugferðir báðar leiðir, skólagjöld og námsstyrk til fimm ára frá apríl 2015 til mars 2020. Samkvæmt fjárlögum fyrir 2014 munu mánaðarlegar styrkgreiðslur vera 117.000 yen (þessi fjárhæð kann að breytast). Einnig er innifalin í styrknum eins árs undirbúningskennsla í japönsku.

Námsleiðir sem koma meðal annars til greina eru:

1. Félags- og hugvísindi
 - *Félags- og hugvísindi A*: Lögfræði, stjórn málafræði, uppeldisfræði, félagsfræði, bókmenntir, sagnfræði, japönsk fræði o.fl.
 - *Félags- og hugvísindi B*: Hagfræði og viðskiptafræði.
2. Náttúruvísindi
 - *Náttúruvísindi A*: Raunvísindi (stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði), vélaverkfræði, rafmagnsverkfræði, byggingaverkfræði og arkitektúr, efnafræði, o.fl.
 - *Náttúruvísindi B*: Umhverfisfræði, lyfjafræði og líffræði.
 - *Náttúruvísindi C*: Læknisfræði og tannlækningar.

*Sjá nánari upplýsingar í leiðarvísni 1. FIELDS OF STUDY.

Umsækjendur þurfa að vera við góða heilsu og kunna eitthvað í japönsku eða vera tilbúnir að leggja sig fram við að læra málið. Þar að auki þurfa þeir að vera tilbúnir til að leggja af stað og koma til Japans milli 1. og 7. apríl 2015.

Sendiráð Japans á Íslandi mun sjá um að velja fyrsta úrtak umsækjenda. Lokaákvörðun verður síðan tekin af menntamálaráðuneyti Japans (MEXT).

Umsóknareyðublöð og frekari leiðbeiningar má nálgast á heimasíðu sendiráðsins:

<http://www.is.emb-japan.go.jp/>

Umsóknum skal skila **eigi síðar en mánudaginn 30. júní 2014** til Sendiráðs Japans við Laugaveg 182, 6. hæð, 105 Reykjavík. Ekki verður tekið við umsóknum sem eru ókláraðar eða sem berast of seint. Allir umsækjendur sem teljast hæfir verða boðaðir í viðtal, auk skriflegs prófs í japönsku og/eða ensku hjá sendiráðinu í **júlí 2014**.

Allar frekari upplýsingar eru veittar hjá:

Sendiráði Japans á Íslandi

Sími: 510-8600 Fax: 510-8605

Tölvupóstur: japan@rk.mofa.go.jp

Heimasíða: <http://www.is.emb-japan.go.jp/>